

UNGT FÓLK, SAMFÉLAGIÐ OG
VERKALÝÐSHREYFINGIN

Viðhorfskönnun í maí til júlí 2008

Guðlaug J. Sturludóttir
Ívar Snorrason
Margrét Guðmundsdóttir
Friðrik H. Jónsson

September 2008

Efnisyfirlit

1. Töfluskra.....	5
2. Myndaskra	7
3. Framkvæmd og heimtur.....	9
4. Bakgrunnsupplýsingar um svarendur.....	11
5. Niðurstöður	19
6. Bakgrunnsgreining	47

1. Töfluskra

Tafla 1. Framkvæmd könnunarinnar.....	9
Tafla 2. Aldur þátttakenda.....	11
Tafla 3. Búseta skipt í höfuðborgarsvæði og landsbyggð.....	12
Tafla 4. Búseta skipt eftir landshlutum.....	12
Tafla 5. Hver er hjúskaparstaða þín?	12
Tafla 6. Hvert er aðal starf þitt?	13
Tafla 7. Ertu í launuðu aukastarfi?	13
Tafla 8. Hvaða aukastarfi?	13
Tafla 9. Átt þú börn?	14
Tafla 10. Fjöldi svarenda sem á barn á leikskólaaldri	14
Tafla 11. Fjöldi svarenda sem á barn á grunnskólaaldri	14
Tafla 12. Fjöldi svarenda sem á barn á framhaldsskólaaldri	14
Tafla 13. Hvað hefur þú í heildarlaun á mánuði fyrir skatta?	15
Tafla 14. Ertu með yfirdráttarheimild á einum eða fleiri bankareikningum?	15
Tafla 15. Hversu háa heimild ertu með samtals?	16
Tafla 16. Nemar með yfirdráttarheimild samtals	16
Tafla 17. Hvaða upphæð ertu með í yfirdrátt núna svona um það bil?	17
Tafla 18. Hvaða upphæð ertu með í yfirdrátt núna svona um það bil? <i>Aðeins nemar</i>	17
Tafla 19. Leggur þú pening inn á sparnaðarreikning?	18
Tafla 20. Alþýðusambandið hefur áhuga á því að búa til markhóp ungs fólk, sem hægt væri að senda nokkrar spurningar í tölvupósti af og til. Værir þú tilbúin(n) til að vera hluti af hópnunum?	18
Tafla 21. Hvað dettur þér fyrst í hug þegar þú heyrir minnst á ASÍ?	19
Tafla 22. Hvaða málefni telur þú að ASÍ eigi að leggja mesta áherslu á í starfi sínu?	20
Tafla 23. Ert þú í stéttarfélagi?	21
Tafla 24. Hver er helsta ástæða þess að þú ert í stéttarfélagi?	22
Tafla 25. Í hvaða stéttarfélagi ert þú?	23
Tafla 26. Hversu vel eða illa, telur þú þig þekkja þá þjónustu sem stéttarfélagið þitt veitir?... 24	24
Tafla 27. Í hvernig húsnæði býrðu, býrðu í eigin húsnæði, leiguhúsnæði, í húsnæði foreldra eða eitthvað annað?	25
Tafla 28. Hvar leitar þú helst að upplýsingum um réttindi á vinnumarkaði?	26
Tafla 29. Hvar leitar þú helst að upplýsingum um réttindi á vinnumarkaði? <i>Aðeins þeir sem ekki eru í stéttarfélagi</i>	27
Tafla 30. Það á að borga sömu laun fyrir sömu vinnu	28
Tafla 31. Stéttarfélög eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna launafólks.....	29
Tafla 32. Stjórnvöld eiga að vinna betur að því að konur hafi sömu möguleika og karlar í samfélaginu.....	30
Tafla 33. Ég get tryggt mína hagsmuni jafn vel utan stéttarfélags eins og innan þess.....	31
Tafla 34. Ungt fólk hefur mikinn áhuga á verkalýðsmálum	32
Tafla 35. Hefur þú leitað til trúnaðarmanns á (þínum) vinnustað?.....	33
Tafla 36. Hefur þú leitað til trúnaðarmanns á (þínum) vinnustað? <i>Aðeins þeir sem ekki eru í stéttarfélagi</i>	33
Tafla 37. Hvað telurðu að stéttarfélögin geti gert til að ungt fólk fái meiri áhuga á þeim.....	34
Tafla 38. Hversu mikið eða lítið telurðu þig vita um réttindi þín á vinnumarkaðnum?	35
Tafla 39. Hversu oft ræðir þú um kjaramál og réttindi við aðra?	36
Tafla 40. Hvernig telur þú að fólk eigi að bregðast við þegar réttindi eru brotin á því í vinnunni?	37
Tafla 41. Hvernig telur þú að fólk eigi að bregðast við þegar réttindi eru brotin á því í vinnunni? <i>Aðeins þeir sem ekki eru í stéttarfélagi</i>	38
Tafla 42. Hvernig er best að fá ungt fólk til að taka þátt í starfi stéttarfélaga?.....	39
Tafla 43. Hvernig er best að fá ungt fólk til að taka þátt í starfi stéttarfélaga? <i>Aðeins þeir sem ekki eru í stéttarfélagi</i>	40
Tafla 44. Hvort finnst þér líklegra að þú búir í leiguhúsnæði eða í eigin húsnæði eftir 10 ár? 41	41
Tafla 45. Hvort finnst þér líklegra að þú búir í leiguhúsnæði eða í eigin húsnæði eftir 10 ár? <i>Aðeins þeir sem eru ekki í stéttarfélagi</i>	42

Tafla 46. Telur þú að ungt fólk velti mikið eða lítið fyrir sér útgjöldum sem fylgja því að eiga börn, áður en það eignast börn?	43
Tafla 47. Telur þú að greiðsla fyrir heilbrigðisþjónustu dragi úr aðsókn ungs fólks að þjónustunni eða telur þú að greiðsla fyrir heilbrigðisþjónustu hafi ekki áhrif á aðsókn þeirra?	44
Tafla 48. Hvaða vandamál telur þú að mæti helst ungu fólki þegar það flytur að heiman og/eða stofnar fjölskyldu?	45
Tafla 49. Telur þú eðlilegt eða óeðlilegt að Íslendingar njóti betri kjara og réttinda en útlendingar sem koma hingað til að vinna?	46

Bakgrunnsgreining

Tafla 50. Hvað dettur þér fyrst í hug þegar þú heyrir minnst á ASÍ?	47
Tafla 51. Hvaða málefni telur þú að ASÍ eigi að leggja mesta áherslu á í starfi sínu?	48
Tafla 52. Ert þú í stéttarfélagi?.....	49
Tafla 53. Hver er helsta ástæða þess að þú ert í stéttarfélagi?	50
Tafla 54. Í hvaða stéttarfélagi ert þú?	51
Tafla 55. Hversu vel eða illa, telur þú þig þekkja þá þjónustu sem sveitarfélagið þitt veitir? ..	52
Tafla 56. Í hvernig húsnæði býrðu?	53
Tafla 57. Hvar leitar þú helst að upplýsingum um réttindi á vinnumarkaði?.....	54
Tafla 58. Það á að borga sömu laun fyrir sömu vinnu.....	55
Tafla 59. Stéttarfélög eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna launafólks.....	56
Tafla 60. Stjórnvöld eiga að vinna betur að því að konur hafi sömu möguleika og karlar í samfélaginu.....	57
Tafla 61. Ég get tryggt hagsmunum mína jafn vel utan stéttarfélags eins og innan þess.....	58
Tafla 62. Ungt fólk hefur mikinn áhuga á verkalýðsmálum.....	59
Tafla 63. Hefurðu leitað til trúnaðarmanns á vinnustað?.....	60
Tafla 64. Hvað telurðu að stéttarfélög geti gert til að ungt fólk fái meiri áhuga á þeim?.....	61
Tafla 65. Hversu mikið eða lítið telurðu þig vita um réttindi þín á vinnumarkaðnum?.....	62
Tafla 66. Hversu oft ræðir þú um kjaramál og réttindi við aðra?.....	63
Tafla 67. Hvernig telur þú að fólk eigi að bregðast við þegar réttindi eru brotin á því í vinnunni?	64
Tafla 68. Hvernig er best að fá ungt fólk til að taka þátt í starfi stéttarfélaga?.....	65
Tafla 69. Hvort finnst þér líklegra að þú búir í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði eftir 10 ár?...66	
Tafla 70. Telur þú að ungt fólk velti mikið eða lítið fyrir sér útgjöldum sem fylgja því að eiga börn, áður en það eignast börn?	67
Tafla 71. Telur þú að greiðsla fyrir heilbrigðisþjónustu dragi úr aðsókn ungs fólks að þjónustunni eða telur þú að greiðsla fyrir heilbrigðisþjónustu hafi ekki áhrif á aðsókn þeirra?	68
Tafla 72. Hvaða vandamál telur þú að mæti helst ungu fólki þegar það flytur að heiman og/eða stofnar fjölskyldu?	69
Tafla 73. Telur þú eðlilegt eða óeðlilegt að Íslendingar njóti betri kjara og réttinda en útlendingar sem koma hingað til að vinna?	70
Tafla 74. Ertu með yfirdráttarheimild á einum eða fleiri bankareikningum?.....	71
Tafla 75. Hversu háa yfirdráttarheimild ertu með samtals?	72
Tafla 76. Hvaða upphæð ertu með í yfirdrátt núna svona um það bil?	73
Tafla 77. Leggur þú pening inn á sparnaðarreikning?	74

2. Myndaskrá

Mynd 1. Kyn svarenda.....	11
Mynd 2. Aldursdreifing þáttakenda.....	11
Mynd 3. Hvað dettur þér fyrst í hug þegar þú heyrir minnst á ASÍ?	19
Mynd 4. Hvaða málefni telur þú að ASÍ eigi að leggja mesta áherslu á í starfi sínu?.....	20
Mynd 5. Ert þú í stéttarfélagi?	21
Mynd 6. Hver er helsta ástæða þess að þú ert í stéttarfélagi?	22
Mynd 7. Í hvaða stéttarfélagi ert þú?	23
Mynd 8. Hversu vel eða illa, telur þú þig þekkja þá þjónustu sem stéttarfélagið þitt veitir?	24
Mynd 9. Í hvernig húsnæði býrðu, býrðu í eigin húsnæði, leiguhúsnæði, í húsnæði foreldra eða eitthvað annað?	25
Mynd 10. Hvar leitar þú helst að upplýsingum um réttindi á vinnumarkaði?.....	26
Mynd 11. Hvar leitar þú helst að upplýsingum um réttindi á vinnumarkaði? <i>Aðeins þeir sem ekki eru í stéttarfélagi</i>	27
Mynd 12. Það á að borga sömu laun fyrir sömu vinnu	28
Mynd 13. Stéttarfélög eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna launafólks	29
Mynd 14. Stjórnvöld eiga að vinna betur að því að konur hafi sömu möguleika og karlar í samfélaginu.....	30
Mynd 15. Ég get tryggt mína hagsmuni jafn vel utan stéttarfélags eins og innan þess	31
Mynd 16. Ungt fólk hefur mikinn áhuga á verkalýðsmálum	32
Mynd 17. Hefur þú leitað til trúnaðarmanns á (þínum) vinnustað?	33
Mynd 18. Hvað telurðu að stéttarfélögin geti gert til að ungt fólk fái meiri áhuga á þeim?	34
Mynd 19. Hversu mikið eða lítið telurðu þig vita um réttindi þín á vinnumarkaðnum?.....	35
Mynd 20. Hversu oft ræðir þú um kjaramál og réttindi við aðra?	36
Mynd 21. Hvernig telur þú að fólk eigi að bregðast við þegar réttindi eru brotin á því í vinnunni?	37
Mynd 22. Hvernig telur þú að fólk eigi að bregðast við þegar réttindi eru brotin á því í vinnunni? <i>Aðeins þeir sem ekki eru í stéttarfélagi</i>	38
Mynd 23. Hvernig er best að fá ungt fólk til að taka þátt í starfi stéttarfélaga?	39
Mynd 24. Hvernig er best að fá ungt fólk til að taka þátt í starfi stéttarfélaga? <i>Aðeins þeir sem ekki eru í stéttarfélagi</i>	40
Mynd 25. Hvort finnst þér líklegra að þú búir í leiguhúsnæði eða í eigin húsnæði eftir 10 ár?.....	41
Mynd 26. Hvort finnst þér líklegra að þú búir í leiguhúsnæði eða í eigin húsnæði eftir 10 ár? <i>Aðeins þeir sem eru ekki í stéttarfélagi</i>	42
Mynd 27. Telur þú að ungt fólk velti mikið eða lítið fyrir sér útgjöldum sem fylgja því að eiga börn, áður en það eignast börn?	43
Mynd 28. Telur þú að greiðsla fyrir heilbrigðisþjónustu dragi úr aðsókn ungs fólks að þjónustunni eða telur þú að greiðsla fyrir heilbrigðisþjónustu hafi ekki áhrif á aðsókn þeirra?	44
Mynd 29. Hvaða vandamál telur þú að mæti helst ungu fólki þegar það flytur að heiman og/eða stofnar fjölskyldu?	45
Mynd 30. Telur þú eðlilegt eða óeðlilegt að Íslendingar njóti betri kjara og réttinda en útlendingar sem koma hingað til að vinna?	46

3. Framkvæmd og heimtur

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður könnunar sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir ASÍ vorið 2008. Tekið var 1000 manna úrtak fólks á aldrinum 18 til 35 ára úr þjóðskrá. Viðtöl voru tekin í síma og alls svöruðu 608 einstaklingar. Brúttó svarhlutfall var því 60,8%, en nettó svarhlutfall var 63,7%, þ.e. þegar búið er að draga þá frá sem eru búsettir erlendis, veikir, látnir eða tala ekki íslensku. Alls neituðu 116 manns að taka þátt í könnuninni, einn var veikur, 30 töluðu ekki íslensku og ekki í náðist í 230 þeirra sem lentu í úrtakinu.

Tafla 1. Framkvæmd könnunarinnar


Upplýsingasöfnun:	Maí – júlí 2008
Framkvæmdamáti:	Símakönnun
Fjöldi þátttakenda:	608 manns

Skýrslan skiptist í sex kafla. Í kafla 4 hér á eftir eru birtar upplýsingar um bakgrunn svarenda. Í kafla 5 eru svör þátttakenda sett fram í töflum og myndum og í kafla 6 eru niðurstöður greindar eftir bakgrunnspáttum, það er kyni, aldri, búsetu, aðalstarfi og aldri barna.

Kí-kvaðratpróf var notað til að greina hvort marktækur munur væri á afstöðu svarenda eftir bakgrunnspáttum. Ef tölfræðileg marktækt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnu-merkjum. Ein stjarna þýðir að marktækur munur sé á afstöðu miðað við 95% öryggi ($p < 0,05$), þ.e. að innan við 5% líkur séu á því að tengsl komi fram séu engin tengsl til staðar í þýðinu. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur að munurinn sé marktækur miðað við 99,9% öryggi ($p < 0,001$).


4. Bakgrunnsupplýsingar um svarendur

Nokkuð fleiri konur svöruðu könnuninni en karlar, eða 321 (53%) kona og 287 (47%) karlar (sjá mynd 1).



Mynd 1. Kyn svarenda

Þátttakendur voru á aldrinum 18 til 35 ára (sjá mynd 2) og meðalaldurinn var 26,6 ár. Tafla 2 sýnir aldursflokka sem notaðir voru í bakgrunnsgreiningum, sem fjallað eru um í 6. kafla skýrslunnar.



Mynd 2. Aldursdreifing þátttakenda

Tafla 2. Aldur þátttakenda

Tafla 3 sýnir búsetu þátttakenda skipt eftir höfuðborgarsvæði og landsbyggð og tafla 4 eftir landshlutum.

Tafla 3. Búseta skipt í höfuðborgarsvæði og landsbyggð

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir
Höfuðborgarsvæði	397	65,3
Landsbyggð	211	34,7
Alls	608	100%

Tafla 4. Búseta skipt eftir landshlutum

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir
Höfuðborgarsvæði	397	65,3
Reykjanes	29	4,8
Vesturland og Vestfirðir	38	6,3
Norðurland vestra	25	4,1
Norðurland eystra	50	8,2
Austurland	28	4,6
Suðurland	41	6,7
Alls	608	100%

Þátttakendur voru spurðir um hjúskaparstöðu. Um 20% voru giftir eða í staðfestri sambúð og 39% voru í sambúð. Tæp 40% voru einhleypir og 1,2% fráskildir (tafla 5).

Tafla 5. Hver er hjúskaparstaða þín?

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Gift/kvæntur, í staðfestri sambúð	122	20,1	20,4
Í sambúð	231	38,0	38,6
Einhleyp(ur)	239	39,3	39,9
Fráskilin(n)	7	1,2	1,2
Neitar að svara	9	1,5	-

Spurt var um aðalstarf þátttakenda. Af þeim sem tóku afstöðu voru rúm 28% verka- eða þjónustufólk, 17,8% unnu faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf og rúm 2% stunduðu sjómennsku og búskap. Þá höfðu rúm 9% skrifstofustörf að aðalstarfi, tæp 19% sérfræði- eða stjórnunarstörf og tæp 24% svarenda voru nemar, heimavinnandi eða bótaþegar (tafla 6).

Tafla 6. Hvert er aðal starf þitt? (þ.e. launað starf)

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Verka-/þjónustufólk	162	26,6	28,3
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð	102	16,8	17,8
Sjómennska og búskapur	13	2,1	2,3
Skrifstofustörf	54	8,9	9,4
Sérfræði-/stjórnunarstörf	107	17,6	18,7
Nemar/heimavinnandi/bótaþegar	162	22,2	23,6
Annað	1	0,2	0,2
Veit ekki/Neitar að svara	7	1,2	-
Alls	608	100%	100%

Rúmlega 70% þátttakenda segjast ekki vera í launuðu aukastarfi (tafla 7).

Tafla 7. Ertu í launuðu aukastarfi?

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Já	175	28,8	29,2
Nei	424	69,7	70,8
Veit ekki/Neitar að svara	9	1,5	-
Alls	608	100%	100%

Rúmlega 70% þeirra sem segjast hafa aukastarf hafa verka- eða þjónustustarf sem aukastarf. Tæplega 12% sinnir faglærðum iðnaðarstörfum og sérhæfðum störfum sem aukastörfum og sama hlutfall, eða tæplega 12%, sinnir sérfræði- eða stjórnunarstörfum (tafla 8) .

Tafla 8. Hvaða aukastarfi?

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Verka-/þjónustufólk	121	19,9	70,3
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	20	3,3	11,6

Meirihluti þátttakenda á ekki börn, eða 57%. Um 17% eiga eitt barn, 19% eiga tvö börn og 5% eiga þrjú börn. Þá á rúmlega 1% þátttakenda fjögur börn (tafla 9).

Tafla 9. Átt þú börn (með talin stjúpbörn og fósturbörn)?

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Engin börn	343	56,4	57,1
Eitt barn	105	17,3	17,5
Tvö börn	112	18,4	18,6
Þrjú börn	32	5,3	5,3
Fjögur börn	8	1,3	1,3
Fimm börn	1	0,2	0,2
Neitar að svara	7	1,2	-
Alls	608	100%	100%

Spurt var hvaða ár börnin væru fædd. Til að auðvelda úrvinnslu var aldrinum skipt í leikskóla-, grunn- og framhaldsskólaaldur.

Af þeim þátttakendum sem eiga barn, er rúmur þriðjungur sem á barn á leikskólaaldri (sjá töflu 10).

Tafla 10. Fjöldi svarenda sem á barn á leikskólaaldri

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir
Á barn á leikskólaaldri	205	33,7
Á ekki barn á leikskólaaldri	403	66,3
Alls	608	100%

Rúmlega fimmtungur svarenda eiga barn á grunnskólaaldri (tafla 11).

Tafla 11. Fjöldi svarenda sem á barn á grunnskólaaldri

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir
Á barn í grunnskólaaldri	129	21,2
Á ekki barn í grunnskólaaldri	479	78,8
Alls	608	100%

Aðeins 1,2% þátttakenda á barn á framhaldsskólaaldri (tafla 12).

Tafla 12. Fjöldi svarenda sem á barn á framhaldsskólaaldri

Spurt var um heildarlaun þátttakenda á mánuði. Af þeim sem tóku afstöðu voru flestir með heildarlaun á bilinu 151.000 til 200.000 krónur, eða 17,6%. Næstflestir, eða 14,3%, voru með 201.000 til 250.000 krónur í heildarlaun á mánuði (tafla 13).

Tafla 13. Hvað hefur þú í heildarlaun á mánuði fyrir skatta?

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Minna en 100.000	57	9,4	11,7
100.000 til 150.000	55	9,0	11,2
151.000 til 200.000	86	14,1	17,6
201.000 til 250.000	70	11,5	14,3
251.000 til 300.000	57	9,4	11,7
301.000 til 350.000	47	7,7	9,6
351.000 til 400.000	31	5,1	6,3
401.000 til 450.000	34	5,6	7,0
451.000 til 500.000	17	2,8	3,5
501.000 til 550.000	6	1,0	1,2
551.000 til 600.000	11	1,8	2,2
Meira en 600.000	18	3,0	3,7
Neitar að svara/Veit ekki	119	19,6	-
Alls	608	100%	100%

Meirihluti þátttakenda (52,9%) segist vera með yfirdráttarheimild á einum eða fleiri bankareikningum (tafla 14).

Tafla 14. Ertu með yfirdráttarheimild á einum eða fleiri bankareikningum?

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Já	314	51,6	52,9
Nei	280	46,1	47,1
Veit ekki/Neitar að svara	14	2,3	-
Alls	608	100%	100%

Af þeim sem eru með yfirdráttarheimild eru tæp 26% með 100.000 til 200.000 krónur í yfirdráttarheimild og tæp 16% með 201.000 til 300.000. Þá eru rúm 11% með 401.000 til 500.000 krónur í yfirdráttarheimild og 4,2% með milljón eða hærra (tafla 15).

Tafla 15. Hversu háa heimild ertu með samtals? (Aðeins þeir sem segjast vera með yfirdráttarheimild)

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Minna en 100.000	35	5,8	14,6
100.000 til 200.000	62	10,2	25,9
201.000 til 300.000	38	6,3	15,9
301.000 til 400.000	20	3,3	8,4
401.000 til 500.000	27	4,4	11,3
501.000 til 600.000	14	2,3	5,9
601.000 til 700.000	9	1,5	3,8
701.000 til 800.000	4	0,7	1,7
801.000 til 900.000	1	0,2	0,4
901.000 til 1.000.000.	19	3,1	7,9
Meira en 1.000.000	10	1,6	4,2
Veit ekki/Neitar að svara	42	6,9	-
Á ekki við	327	53,8	-
Alls	608	100%	100%

Tafla 16 sýnir niðurstöður sömu spurningar og tafla 15 en í töflu 16 eru aðeins skoðuð svör nema. Rúm 11% nema eru með minna en 99.000 í yfirdráttarheimild samtals, rúm 34% eru með 100.000 til 200.000 og tæp 16% með 201.000 til 300.000. Þá eru rúm 9% með 901.000 til 1.000.000 í yfirdráttarheimild samtals.

Tafla 16. Nemar með yfirdráttarheimild samtals.

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Minna en 100.000	5	3,7	11,4
100.000 til 200.000	15	11,1	34,1
201.000 til 300.000	7	5,2	15,9
301.000 til 400.000	1	0,7	2,3
401.000 til 500.000	2	1,5	4,5
501.000 til 600.000	4	3,0	9,1

Þegar þátttakendur voru spurðir um hversu háa upphæð þeir væru með í yfirdrátt núna svöruðu rúm 38% minna en 99.000, tæp 22% 100.000 til 200.000 og rúm 11% 201.000 til 300.000. Þá segjast tæp 5% þátttakenda var með meira en 1.000.000 í yfirdrátt núna (tafla 17).

Tafla 17. Hvaða upphæð ertu með í yfirdrátt núna svona um það bil? (til samans ef yfirdráttur er á fleiri en einum reikningi).

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Minna en 100.000	75	12,3	38,1
100.000 til 200.000	43	7,1	21,8
201.000 til 300.000	22	3,6	11,2
301.000 til 400.000	13	2,1	6,6
401.000 til 500.000	16	2,6	8,1
501.000 til 600.000	7	1,2	3,6
601.000 til 700.000	7	1,2	3,6
701.000 til 800.000	2	0,3	1,0
801.000 til 900.000	0	0,0	0,0
901.000 til 1.000.000	3	0,5	1,5
Meira en 1.000.000	9	1,5	4,6
Veit ekki/Neitar að svara	85	14	-
Á ekki við	326	53,6	-
Alls	608	100%	100%

Tafla 18 sýnir niðurstöður sömu spurningar og tafla 17, en einungis svör nema. Af þeim nemum sem tóku afstöðu eru rúmlega 28% með minna en 99.000 krónur í yfirdrátt núna. Sama hlutfall er með 100.000 til 200.000 í yfirdrátt. Þá eru rúmlega 9% með 201.000 til 300.000 og sama hlutfall nema er með 901.000 til 1.000.000 krónur í yfirdrátt.

Tafla 18. Hvaða upphæð ertu með í yfirdrátt núna svona um það bil? *Aðeins namar*

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Minna en 100.000	9	6,7	28,1
100.000 til 200.000	9	6,7	28,1
201.000 til 300.000	3	2,2	9,4
301.000 til 400.000	1	0,7	3,1
401.000 til 500.000	2	1,5	6,3
501.000 til 600.000	2	1,5	6,3
701.000 til 800.000	1	0,7	3,1

Tveir þriðju þátttakenda leggur pening inn á sparnaðarreikning (tafla 19).

Tafla 19. Leggur þú pening inn á sparnaðarreikning?

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Já	400	65,8	67,3
Nei	194	31,9	32,7
Veit ekki/Neitar að svara	14	2,3	-
Alls	608	100%	100%

Í lok könnunarinnar voru þátttakendur spurðir hvort þeir væru tilbúnir til að vera hluti af markhópi ungs fólks sem ASÍ mætti leggja fyrir spurningar af og til. Tveir þriðju svarenda samþykkti það (tafla 20).

Tafla 20. Alþýðusambandið hefur áhuga á því að búa til markhóp ungs fólk, sem hægt væri að senda nokkrar spurningar í tölvupósti af og til. Værir þú tilbúin(n) til að vera hluti af hópnum?


	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Já	399	65,6	66,7
Nei	199	32,7	33,3
Veit ekki/Neitar að svara	10	1,6	-
Alls	608	100%	100%

5. Niðurstöður

Allir þátttakendur voru spurðir um það hvað þeim detti fyrst í hug þegar þeir heyra minnst á ASÍ. Um það bil þriðjungur þeirra sem svöruðu sögðu einfaldlega ASÍ eða Alþýðusamband Íslands. Annar þriðjungur sagðist detta fyrst í hug verkalýð, verkalýðsbaráttu, baráttusamtök og fleira í þeim dúr. Tæp tíu prósent nefndi kjarabaráttu, kjarasamninga, launakjör og þess háttar. Aðrir flokkar voru fámennir. Fjögur prósent þeirra sem svöruðu sagðist ekki detta neitt í hug og tæp þrjú prósent létu í ljós neikvæð viðhorf: „einhver leiðindi“, „kallar að rífast“ og fleira. Lítil hluti (2%) nefndi forustumenn á nafn eða minntist á kröfugöngur og 1. maí (1,3%). Einnig var minnst á verðlagskannanir (1,1%) og vörumerkið (1,3%) (tafla 21 og mynd 3).

Tafla 21. Hvað dettur þér fyrst í hug þegar þú heyrir minnst á ASÍ?

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Verkalýðsbaráttu/verkalýður/baráttusamtök o.þ.h.	166	27,3	36,5
Alþýðusamband Íslands eða ASÍ	153	25,2	33,6
Kjarabaráttu/kjarasamningar/launakjör o.þ.h.	43	7,1	9,5
Misskilningur eða fáfræði: Íþróttafélag/pólítískt eitthvað	34	5,6	7,5
Ekkert (dettur ekkert í hug)	18	3,0	4,0
Nöfn forustumanna: Gylfi/Grétar/Ögmundur o.fl.	12	2,0	2,6
Neikvæð viðhorf: Einhver leiðindi/kallar að rífast o.þ.h.	12	2,0	2,6
Vörumerkið/rauður litur o.þ.h.	6	1,0	1,3
1. maí eða kröfugöngur	6	1,0	1,3
Verðlagskannanir/verðlagseftirlit o.þ.h.	5	0,8	1,1
Veit ekki/Neitar að svara	153	25,2	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 3. Hvað dettur þér fyrst í hug þegar þú heyrir minnst á ASÍ?

Þegar þátttakendur voru spurðir hvaða málefni þeir teldu að ASÍ ætti að leggja mesta áherslu á í starfi sínu, nefndi rétt rúmur helmingur launamál og 12% minnst á jafnrétti kynjanna. Tæp átta prósent sögðu að ASÍ ætti að leggja mesta áherslu á þá lægst launuðustu eða þá sem minna mega sín. Tæp sex prósent minntust á mannréttindi og örlítið færri á málefni barnafólks (5,2%). Þá var minnst á húsnæðismál (3,1%), atvinnuöryggi (1,8%), orlofsmál (1,3%) og fleira (tafla 22 og mynd 4).

Tafla 22. Hvaða málefni telur þú að ASÍ eigi að leggja mesta áherslu á í starfi sínu?

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Launamál	203	33,4	52,9
Jafnrétti kynjanna	45	7,4	11,7
Á þá sem minna mega sín/fólk með lægstu launin o.þ.h.	29	4,8	7,6
Mannréttindamál	22	3,6	5,7
Málefni barnafólks	20	3,3	5,2
Kjaramál (launamál ekki nefnd sérstaklega): frjálsan vinnutíma/stytttri vinnuviku o.fl.	14	2,3	3,6
Húsnæðismál	12	2,0	3,1
Réttindi fólks (almennt)	8	1,3	2,1
Sporna við atvinnuleysi/atvinnuöryggi o.þ.h.	7	1,2	1,8
Bæta launakjör ungs fólks/málefni ungs fólks o.þ.h.	6	1,0	1,6
Orlofsmál	5	0,8	1,3
Ná niður verðbólgu/ná stöðugleika o.þ.h.	5	0,8	1,3
Annað nefnt: Náttúruna/íslensk fyrirtæki o.fl.	5	0,8	1,3
Námsmenn: Bæta stöðu nema/menntun o.fl.	3	0,5	0,8
Veit ekki/Neitar að svara	224	36,8	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 4. Hvaða málefni telur þú að ASÍ eigi að leggja mesta áherslu á í starfi sínu?

Allir þátttakendur voru spurðir hvort þeir eru í stéttarfélagi og 84,5% þeirra svöruðu því játandi. Tæp 5% sögðust ekki vita það eða neituðu að svara (tafla 23 og mynd 5).

Tafla 23. Ert þú í stéttarfélagi?

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Já	490	80,6	84,5
Nei	90	14,8	15,5
Veit ekki/Neitar að svara	28	4,6	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 5. Ert þú í stéttarfélagi?

Þeir sem sögðust vera í stéttarfélagi voru spurðir um helstu ástæðu þess að þeir væru í stéttarfélagi. Helmingur þeirra segist vera í stéttarfélagi því þeir telja að hagsmunum þeirra sé best borgið þannig (sjá töflu 24 og mynd 6). Rúmur fjórðungur svarenda segir ástæðuna fyrir stéttarfélagsaðild sinni vera þá að þeir hafi farið sjálfkrafa í stéttarfélag.

Tafla 24. Hver er helsta ástæða þess að þú ert í stéttarfélagi? *Aðeins þeir sem svörðu já við spurningunni: Ert þú í stéttarfélagi?*

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Þannig er hagsmunum mínum best borgið	235	38,7	51,2
Ég fór sjálfkrafa í stéttarfélag	124	20,4	27,0
Það er skylduaðild að félaginu	41	6,7	8,9
Tryggja kjör og réttindi	21	3,5	4,6
Mér finnst að allir eigi að vera í stéttarfélagi	9	1,5	2,0
Önnur fríðindi	9	1,5	2,0
Til að sýna samstöðu	6	1,0	1,3
Öryggi ef eitthvað kemur uppá	5	0,8	1,1
Fór að ráðum annarra	3	0,5	0,7
Af gömlum vana, hugsunarleysi	2	0,3	0,4
Annað nefnt	4	0,7	0,9
Veit ekki/Neitar að svara	31	5,1	-
Á ekki við	118	19,4	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 6. Hver er helsta ástæða þess að þú ert í stéttarfélagi?

Þeir sem sögðust vera í stéttarfélagi voru spurðir áfram um í hvaða stéttarfélagi þeir væru. Rúmur fjórðungur sagðist vera í VR, 16% í Eflingu en færri voru í öðrum félögum (sjá töflu 25 og mynd 7).

Tafla 25. Í hvaða stéttarfélagi ert þú? *Aðeins þeir sem segjast vera í stéttarfélagi*

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
VR (Verslunarmannafélag Reykjavíkur)	118	24,1	26,8
Efling	70	14,3	15,9
SFR (Starfsmannafélag ríkisins)	24	4,9	5,4
Eining lóða	20	4,1	4,5
RSÍ (Rafiðnaðarsamband Íslands)	14	2,9	3,2
KÍ	14	2,9	3,2
SÍB	14	2,9	3,2
St.Rv. (Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar)	11	2,2	2,5
FIT – Félag iðn- og tæknigreina	10	2,0	2,3
Afl	8	1,6	1,8
Trésmíðafélag Reykjavíkur	7	1,4	1,6
BHM	5	1,0	1,1
Matvís	5	1,0	1,1
SSF	5	1,0	1,1
VM	5	1,0	1,1
Annað	111	22,7	25,2
Veit ekki /neitar að svara	49	10,0	-
Alls	490	100%	100%




Mynd 7. Í hvaða stéttarfélagi ert þú?

Þeir sem sögðust ekki vita hvort þeir væru í stéttarfélagi eða vissu ekki í hvaða stéttarfélagi þeir væru, voru spurðir áfram: En veistu í hvaða heildarsamtökum þú ert? Af þeim sem svöruðu nefndu átta manns eitthvert félag eða sögðust ekki vera í neinum heildarsamtökum. Vegna þess hve fáir nefndu eitthvert félag, var ekki unnt að greina þessa spurningu eftir bakgrunnspáttum.

Þeir sem sögðust vera í stéttarfélagi voru spurðir hversu vel eða illa þeir töldu sig þekkja þá þjónustu sem stéttarfélagið þeirra veitir. Alls svöruðu 356 manns spurningunni. Rúmlega helmingur þeirra sem tóku afstöðu taldi sig þekkja þjónustuna mjög eða frekar vel (sjá töflu 26 og mynd 8).

Tafla 26. Hversu vel eða illa, telur þú þig þekkja þá þjónustu sem stéttarfélagið þitt veitir? *Aðeins þeir sem segjast vera í stéttarfélagi.*

	Földi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Mjög vel	34	5,6	9,7
Frekar vel	148	24,3	42,0
Hvorki vel né illa	55	9,0	15,6
Frekar illa	89	14,6	25,3
Mjög illa	26	4,3	7,4
Veit ekki/Neitar að svara	4	0,7	-
Alls	356	100%	100%




Mynd 8. Hversu vel eða illa, telur þú þig þekkja þá þjónustu sem stéttarfélagið þitt veitir?

Pátttakendur voru spurðir hvort þeir byggju í eigin húsnæði, leiguhúsnæði eða frítt í húsnæði foreldra eða ættingja. Um það bil helmingur þeirra sem svöruðu sagðist búa í eigin húsnæði, tæp 30% í húsnæði foreldra eða annarra ættingja og tæp 25% í leiguhúsnæði (tafla 27 og mynd 9).

Tafla 27. Í hvernig húsnæði býrðu, býrðu í eigin húsnæði, leiguhúsnæði, í húsnæði foreldra eða eitthvað annað?

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Í eigin húsnæði	282	46,4	46,8
Í húsnæði foreldra (tengdaforeldra eða annarra ættingja, frítt)	169	27,8	28,0
Í leiguhúsnæði (á almennum markaði, í félagslega kerfinu, hjá foreldrum eða ættingjum)	149	24,5	24,7
Annað	3	0,5	0,5
Veit ekki/Neitar að svara	5	0,8	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 9. Í hvernig húsnæði býrðu, býrðu í eigin húsnæði, leiguhúsnæði, í húsnæði foreldra eða eitthvað annað?

Pátttakendur voru spurðir hvar þeir leituðu helst að upplýsingum um réttindi á vinnumarkaði. Af þeim sem svöruðu sagðist tæpur helmingur gera það á Netinu og tæpur þriðjungur hjá stéttarfélögum. Aðrir nefndu til dæmis foreldra eða aðra ættingja, vinnuveitendur eða vinnufélaga og vini eða kunningja (tafla 28 og mynd 10).

Tafla 28. Hvar leitar þú helst að upplýsingum um réttindi á vinnumarkaði?

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Á netinu	267	43,9	46,7
Hjá stéttarfélögum (með heimsóknum, síma)	158	26,0	27,6
Leita aldrei að slíkum upplýsingum	49	8,1	8,6
Hjá foreldrum, öðrum ættingjum	41	6,7	7,2
Hjá vinnuveitanda eða vinnufélögum	35	5,8	6,1
Hjá vinum og kunningjum	11	1,8	1,9
Í dagblöðum	4	0,7	0,7
Hjá opinberum stofnunum	3	0,5	0,5
Annað	4	0,7	0,7
Veit ekki/Neitar að svara	36	5,9	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 10. Hvar leitar þú helst að upplýsingum um réttindi á vinnumarkaði?

Kannað var sérstaklega hvernig þeir sem sögðust ekki vera í stéttarfélagi svöruðu því hvar þeir leituðu helst að upplýsingum um réttindi á vinnumarkaði. Rúm 17% leita aldrei að slíkum upplýsingum, 40% leita á netinu og tæp 19% leita til stéttarfélaga (sjá töflu 29 og mynd 11).

Tafla 29. Hvar leitar þú helst að upplýsingum um réttindi á vinnumarkaði? *Aðeins þeir sem ekki eru í stéttarfélagi*

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Á netinu	30	33,3	40,0
Hjá stéttarfélögum (með heimsóknunum, síma)	14	15,6	18,7
Leita aldrei að slíkum upplýsingum	13	14,4	17,3
Hjá foreldrum, öðrum ættingjum	8	8,9	10,7
Hjá vinnuveitenda eða vinnufélögum	6	6,7	8,0
Hjá vinum og kunningjum	2	2,2	2,7
Hjá opinberum stofnunum	1	1,1	1,3
Í dagblöðum	1	1,1	1,3
Veit ekki	15	16,7	-
Alls	90	100,0	100,0




Mynd 11. Hvar leitar þú helst að upplýsingum um réttindi á vinnumarkaði? *Aðeins þeir sem ekki eru í stéttarfélagi*

Þátttakendur voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir eru staðhæfingunni „það á að borga sömu laun fyrir sömu vinnu“. Rúm 70% af þeim sem svöruðu sögðust vera mjög sammála og rúm 15% sögðust vera frekar sammála. Einungis 7,5% sögðust frekar ósammála og 4,5% mjög ósammála (tafla 30 og mynd 12).

Tafla 30. Það á að borga sömu laun fyrir sömu vinnu

	Földi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Mjög sammála	421	69,2	70,3
Frekar sammála	93	15,3	15,5
Hvorki né	13	2,1	2,2
Frekar ósammála	45	7,4	7,5
Mjög ósammála	27	4,4	4,5
Veit ekki	1	0,2	-
Neitar að svara	8	1,3	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 12. Það á að borga sömu laun fyrir sömu vinnu

Þátttakendur voru beðnir að segja hversu ósammála eða sammála þeir eru staðhæfingunni „Stéttarfélög eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna launafólks“. 74% svarenda voru mjög sammála og 22% frekar sammála. Aðeins 1,3% voru frekar ósammála og 1,3% mjög ósammála (tafla 31 og mynd 13).

Tafla 31. Stéttarfélög eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna launafólks

	Földi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Mjög sammála	445	73,2	74,4
Frekar sammála	133	21,9	22,2
Hvorki né	4	0,7	0,7
Frekar ósammála	8	1,3	1,3
Mjög ósammála	8	1,3	1,3
Veit ekki	5	0,8	-
Neitar að svara	5	0,8	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 13. Stéttarfélög eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna launafólks

Pátttakendur voru beðnir að segja hversu sammála eða ósammála þeir eru staðhæfingunni „Stjórnvöld eiga að vinna betur að því að konur hafi sömu möguleika og karlar í samfélaginu“. Tæp 70% af þeim sem svöruðu sögðust vera mjög sammála, og 21,6% frekar sammála. 3,7% sögðust vera frekar ósammála og 2,0% mjög ósammála (tafla 32 og mynd 14).

Tafla 32. Stjórnvöld eiga að vinna betur að því að konur hafi sömu möguleika og karlar í samfélaginu

	Földi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Mjög sammála	411	67,6	68,8
Frekar sammála	129	21,2	21,6
Hvorki né	23	3,8	3,9
Frekar ósammála	22	3,6	3,7
Mjög ósammála	12	2,0	2,0
Veit ekki	3	0,5	-
Neitar að svara	8	1,3	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 14. Stjórnvöld eiga að vinna betur að því að konur hafi sömu möguleika og karlar í samfélaginu

Flestir þátttakendur sem svöruðu voru ekki sammála staðhæfingunni „ég get tryggt mína hagsmuni jafn vel utan stéttarfélags eins og innan þess“. Tæp 40% voru frekar ósammála og 24,7% mjög ósammála. 17,3% voru frekar sammála og tæp 12% mjög sammála (tafla 33 og mynd 15).

Tafla 33. Ég get tryggt mína hagsmuni jafn vel utan stéttarfélags eins og innan þess

	Földi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Mjög sammála	67	11,0	11,7
Frekar sammála	99	16,3	17,3
Hvorki né	36	5,9	6,3
Frekar ósammála	228	37,5	39,9
Mjög ósammála	141	23,2	24,7
Veit ekki	31	5,1	-
Neitar að svara	6	1,0	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 15. Ég get tryggt mína hagsmuni jafn vel utan stéttarfélags eins og innan þess

Niðurstöður þessarar könnunar benda til að ungt fólk hafi ekki áhuga á verkalýðsmálum. Þegar þátttakendur voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingunni „Ungt fólk hefur mikinn áhuga á verkalýðsmálum“ reyndust 65% vera ósammála fullyrðingunni en 23% sammála (tafla 34 og mynd 16).

Tafla 34. Ungt fólk hefur mikinn áhuga á verkalýðsmálum

	Földi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Mjög sammála	33	5,4	5,7
Frekar sammála	98	16,1	17,0
Hvorki né	71	11,7	12,3
Frekar ósammála	275	45,2	47,6
Mjög ósammála	101	16,6	17,5
Veit ekki	24	3,9	-
Neitar að svara	6	1,0	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 16. Ungt fólk hefur mikinn áhuga á verkalýðsmálum

Langflestir eða rúm 80% þátttakenda segist ekki hafa leitað til trúnaðarmanns á vinnustað (tafla 35 og mynd 17).

Tafla 35. Hefur þú leitað til trúnaðarmanns á (þínum) vinnustað?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	
		- allir	- einungis þeir sem taka afstöðu
Nei	490	80,6	81,4
Já	112	18,4	18,6
Veit ekki/Neitar að svara	6	1,0	-
Alls	608	100%	100%



Mynd 17. Hefur þú leitað til trúnaðarmanns á (þínum) vinnustað?


Kannað var hvort þeir sem ekki voru í stéttarfélagi hafi leitað til trúnaðarmanns. Aðeins 12,2% höfðu leitað til trúnaðarmanns (sjá töflu 36).

Tafla 36. Hefur þú leitað til trúnaðarmanns á (þínum) vinnustað?
Aðeins þeir sem ekki eru í stéttarfélagi

Þegar þátttakendur voru spurðir hvað þeir teldu að stéttarfélögin gætu gert til að ungt fólk fengi meiri áhuga á þeim nefndi meirihluti þeirra sem svaraði að efla þyrfti kynningarstarf, eða 63,6%. Rúm 10% nefndi að höfða þyrfti betur til ungs fólks (tafla 37 og mynd 18).

Tafla 37. Hvað telurðu að stéttarfélögin geti gert til að ungt fólk fái meiri áhuga á þeim?

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Efla kynningarstarf: Vera sýnilegri/auglýsa sig betur	246	40,5	63,6
Höfða betur til ungs fólks: Vera skemmtilegri/tala á mannamáli	41	6,7	10,6
Kynna sig á vinnustöðum	23	3,8	5,9
Kynna sig í skólum	20	3,3	5,2
Vinna vinnuna sína/halda áfram að gera góða hluti/standa sig	12	2,0	3,1
Efla starfið sem kemur að ungu fólki	9	1,5	2,3
Fá ungt fólk með í starfið/ungt fólk í ábyrgðarstöður o.fl.	9	1,5	2,3
Kynna sig á Netinu	8	1,3	2,1
Uppákomur, fundir og kynningar	7	1,2	1,8
Betri aðgengi að upplýsingum	7	1,2	1,8
Þjóða upp á eitthvað/hafa einhverja gulrót	5	0,8	1,3
Veit ekki/Neitar að svara	221	36,3	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 18. Hvað telurðu að stéttarfélögin geti gert til að ungt fólk fái meiri áhuga á þeim?

Helmingur svarenda taldi sig vita frekar mikið um réttindi sín á vinnumarkaðnum og 10,2% taldi sig vita mjög mikið. Rúm 31% taldi sig vita frekar lítið og 8,6% taldi sig vita mjög lítið eða ekkert um réttindi sín á vinnumarkaðnum (tafla 38 og mynd 19).

Tafla 38. Hversu mikið eða lítið telurðu þig vita um réttindi þín á vinnumarkaðnum?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	
		- allir	- einungis þeir sem taka afstöðu
Mjög mikið	60	9,9	10,2
Frekar mikið	295	48,5	50,0
Frekar lítið	184	30,3	31,2
Mjög lítið/ekkert	51	8,4	8,6
Veit ekki/Neitar að svara	18	3,0	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 19. Hversu mikið eða lítið telurðu þig vita um réttindi þín á vinnumarkaðnum?

Tæp 26% sögðust oft ræða kjaramál og réttindi við aðra og nánast sama hlutfall sagðist gera það stundum. Þá sögðust tæp 39% gera það sjaldan og 9,8% ræða aldrei kjaramál og réttindi við aðra (tafla 39 og mynd 20).

Tafla 39. Hversu oft ræðir þú um kjaramál og réttindi við aðra?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	
		- allir	- einungis þeir sem taka afstöðu
Oft	154	25,3	25,7
Stundum	155	25,5	25,8
Sjaldan	232	38,2	38,7
Aldrei	59	9,7	9,8
Veit ekki/Neitar að svara	8	1,3	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 20. Hversu oft ræðir þú um kjaramál og réttindi við aðra?

Þegar svarendur voru spurðir hvernig þeir telji að fólk eigi að bregðast við þegar réttindi eru brotin á því í vinnunni svöruðu 39% að ræða ætti við stéttarfélag. Rúm 34% sögðu að ræða ætti við trúnaðarmann. Þá svöruðu 19,2% að ræða ætti við atvinnurekanda eða yfirmann (tafla 40 og mynd 21).

Tafla 40. Hvernig telur þú að fólk eigi að bregðast við þegar réttindi eru brotin á því í vinnunni?

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Ræða við stéttarfélag	222	36,5	39,0
Ræða við trúnaðarmann	194	31,9	34,1
Ræða við atvinnurekanda/yfirmann	109	17,9	19,2
Leita réttar síns/láta ekki vaða yfir sig	20	3,3	3,5
Kynna sér rétt sinn/Leita ráða hjá einhverjum	11	1,8	1,9
Ræða við ASÍ	5	0,8	0,9
Kæra	4	0,7	0,7
Segja upp	3	0,5	0,5
Fer eftir eðli brotsins	1	0,2	0,2
Veit ekki/Neitar að svara	39	6,4	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 21. Hvernig telur þú að fólk eigi að bregðast við þegar réttindi eru brotin á því í vinnunni?

Kannað var hvernig þeir sem ekki voru í stéttarfélagi svöruðu sömu spurningu. Rúmlega þriðjungur taldi að fólk ætti að ræða við trúnaðarmann þegar réttindi væru brotin á því í vinnunni, tæplega 37% nefndi ræða við stéttarfélag og 20% telja að fólk eigi að ræða við atvinnurekanda eða yfirmann (sjá töflu 41 og mynd 22).

Tafla 41. Hvernig telur þú að fólk eigi að bregðast við þegar réttindi eru brotin á því í vinnunni? *Aðeins þeir sem ekki eru í stéttarfélagi*

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Ræða við stéttarfélag	31	34,4	36,5
Ræða við trúnaðarmann	30	33,3	35,3
Ræða við atvinnurekanda/yfirmann	17	18,9	20,0
Kynna sér rétt sinn, Leita ráða	3	3,3	3,5
Leita réttar síns, láta ekki vaða yfir sig	2	2,2	2,4
Ræða við ASÍ	1	1,1	1,2
Segja upp	1	1,1	1,2
Veit ekki	5	5,6	-
Alls	90	100%	100%




Mynd 22. Hvernig telur þú að fólk eigi að bregðast við þegar réttindi eru brotin á því í vinnunni? *Aðeins þeir sem ekki eru í stéttarfélagi*

Spurt var hvernig best væri að fá ungt fólk til að taka þátt í starfi stéttarfélaganna. Meirihluti, eða 57,5% taldi að stéttarfélög þyrftu að efla kynningarstarf og vera sýnilegri. 18% töldu að höfða þyrfti betur til ungs fólks með því að vera skemmtilegri eða tala á mannamáli. Þá taldi tæp 11% að hafa þyrfti fríðindi og ávinning af því að taka þátt í starfinu (tafla 42 og mynd 23).

Tafla 42. Hvernig er best að fá ungt fólk til að taka þátt í starfi stéttarfélaganna?

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Efla kynningarstarf: Auglýsa sig/vera sýnilegri	176	28,9	57,5
Höfða betur til ungs fólks: Vera skemmtilegri/tala á mannamáli	55	9,0	18,0
Fríðindi og ávinningur:Hafa gulrót/borga þeim/bjóða þeim eitthvað fyrir	33	5,4	10,8
Fá ungt fólk í starfið: Hafa ungt fólk í stjórnunarstöðum/ láta ungt fólk vera með kynningar	18	3,0	5,9
Kynna sig í skólum	8	1,3	2,6
Uppákomur, fundir o.fl.	7	1,2	2,3
Kynna sig á vinnustöðum	6	1,0	2,0
Betri aðgang að upplýsingum	2	0,3	0,7
Kynna sig betur á Netinu	1	0,2	0,3
Veit ekki/Neitar að svara	302	49,7	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 23. Hvernig er best að fá ungt fólk til að taka þátt í starfi stéttarfélaganna?

Kannað var hvernig þeir sem ekki voru í stéttarfélagi svöruðu hvernig best væri að fá ungt fólk til að taka þátt í starfi stéttarfélaga. Meirihluti (63,6%) taldi að efla þyrfti kynningarstarf og rúm 16% taldi að stéttarfélög þyrftu að vera skemmtilegri (sjá töflu 43 og mynd 24).

Tafla 43. Hvernig er best að fá ungt fólk til að taka þátt í starfi stéttarfélaga? *Aðeins þeir sem ekki eru í stéttarfélagi*

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Efla kynningarstarf: Auglýsa sig, kynna sig betur, vera sýnilegri	31	34,4	63,3
Vera skemmtilegri, tala á mannamáli	8	8,9	16,3
Fríðindi og ávinningur: Hafa gulrót/borga þeim/bjóða þeim eitthvað fyrir	3	3,3	6,1
Fá ungt fólk í starfið: Hafa ungt fólk í stjórnunarstöðum/ láta ungt fólk vera með kynningar	2	2,2	4,1
Uppákomur, fundir o.fl.	2	2,2	4,1
Kynna sig í skólum	2	2,2	4,1
Betri aðgang að upplýsingum	1	1,1	2,0
Veit ekki	39	43,3	-
Neitar að svara	2	2,2	-
Alls	90	100%	100%




Mynd 24. Hvernig er best að fá ungt fólk til að taka þátt í starfi stéttarfélaga? *Aðeins þeir sem ekki eru í stéttarfélagi*

Mikill meirihluti svarenda taldi að þeir myndu búa í eigin húsnæði eftir 10 ár, 89,1%, á móti 10,7% sem taldi að þeir myndu búa í leiguhúsnæði (tafla 44 og mynd 25).

Tafla 44. Hvort finnst þér líklegra að þú búir í leiguhúsnæði eða í eigin húsnæði eftir 10 ár?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	
		- allir	- einungis þeir sem taka afstöðu
Eigin húsnæði	525	86,3	89,1
Leiguhúsnæði	63	10,4	10,7
Annað	1	0,2	0,2
Veit ekki/Neitar að svara	19	3,1	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 25. Hvort finnst þér líklegra að þú búir í leiguhúsnæði eða í eigin húsnæði eftir 10 ár?

Kannað var hvernig þeir sem ekki voru í stéttarfélagi svöruðu sömu spurningu. Mikill meirihluti (79,8%) taldi að líklegra að þeir myndu búa í eigin húsnæði eftir 10 ár (sjá töflu 45 og mynd 26).

Tafla 45. Hvort finnst þér líklegra að þú búir í leiguhúsnæði eða í eigin húsnæði eftir 10 ár? *Aðeins þeir sem eru ekki í stéttarfélagi*

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Leiguhúsnæði	18	20,0	20,2
Eigin húsnæði	71	78,9	79,8
Veit ekki	1	1,1	-
Alls	90	100,0	100,0




Mynd 26. Hvort finnst þér líklegra að þú búir í leiguhúsnæði eða í eigin húsnæði eftir 10 ár? *Aðeins þeir sem eru í stéttarfélagi.*

Páttakendur voru spurðir hvort þeir teldu að ungt fólk velti mikið eða lítið fyrir sér útgjöldum sem fylgja því að eiga börn, áður en það eignast börn. Tæp 6% telja að ungt fólk velti því mjög mikið fyrir sér, 20,4% að það velti því frekar mikið fyrir sér og tæp 45% telja að það velti því frekar lítið fyrir sér. Tæp 29% telja að ungt fólk velti mjög lítið eða ekkert fyrir sér þeim útgjöldum sem fylgja því að eiga börn, áður en það eignast börn (tafla 46 og mynd 27).

Tafla 46. Telur þú að ungt fólk velti mikið eða lítið fyrir sér útgjöldum sem fylgja því að eiga börn, áður en það eignast börn?

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Mjög mikið	33	5,4	5,9
Frekar mikið	114	18,8	20,4
Frekar lítið	251	41,3	44,8
Mjög lítið/ekkert	162	26,6	28,9
Veit ekki/Neitar að svara	48	7,9	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 27. Telur þú að ungt fólk velti mikið eða lítið fyrir sér útgjöldum sem fylgja því að eiga börn, áður en það eignast börn?

Meirihluti svarenda telur að greiðsla fyrir heilbrigðisþjónustu dragi úr aðsókn ungs fólks að þjónustunni, eða 54,9%. Aftur á móti eru rúm 45% sem telja að það hafi ekki áhrif (tafla 47 og mynd 28).

Tafla 47. Telur þú að greiðsla fyrir heilbrigðisþjónustu dragi úr aðsókn ungs fólks að þjónustunni eða telur þú að greiðsla fyrir heilbrigðisþjónustu hafi ekki áhrif á aðsókn þeirra?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	
		- allir	- einungis þeir sem taka afstöðu
Dregur úr aðsókn	292	48,0	54,9
Hefur ekki áhrif	240	39,5	45,1
Veit ekki/Neitar að svara	76	12,5	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 28. Telur þú að greiðsla fyrir heilbrigðisþjónustu dragi úr aðsókn ungs fólks að þjónustunni eða telur þú að greiðsla fyrir heilbrigðisþjónustu hafi ekki áhrif á aðsókn þeirra?

Þátttakendur voru spurðir hvaða vandamál þeir teldu að mæti helst ungu fólki þegar það flytur að heiman og/eða stofnar fjölskyldu. Tæp 48% nefndu fjárhagsvandamál, 26% hátt húsnæðisverð og tæp 11% nefndu of mikil útgjöld. Þá nefndu 8,4% há leiga á íbúðarhúsnæði (tafla 48 og mynd 29).

Tafla 48. Hvaða vandamál telur þú að mæti helst ungu fólki þegar það flytur að heiman og/eða stofnar fjölskyldu?

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Fjárhagsvandamál	274	45,1	47,9
Hátt húsnæðisverð	149	24,5	26,0
Of mikil útgjöld	62	10,2	10,8
Há leiga á íbúðarhúsnæði	48	7,9	8,4
Standa á eigin fótum	17	2,8	3,0
Erfitt að fá barnapössun	7	1,2	1,2
Annað nefnt: Heimþrá/tímaleysi/óskipulag	15	2,5	2,6
Veit ekki/Neitar að svara	36	5,9	-
Alls	608	100%	100%




Mynd 29. Hvaða vandamál telur þú að mæti helst ungu fólki þegar það flytur að heiman og/eða stofnar fjölskyldu?

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir teldu eðlilegt eða óeðlilegt að Íslendingar njóti betri kjara og réttinda en útlendingar sem koma hingað til að vinna töldu 15,3% það vera mjög eðlilegt og tæp 19% frekar eðlilegt. Rúm 6% telja það hvorki eðlilegt né óeðlilegt og rúm 29% frekar óeðlilegt. Þá telja rúm 30% það vera mjög óeðlilegt að Íslendingar njóti betri kjara og réttinda en útlendingar sem koma hingað til að lands til að vinna (tafla 49 og mynd 30).

Tafla 49. Telur þú eðlilegt eða óeðlilegt að Íslendingar njóti betri kjara og réttinda en útlendingar sem koma hingað til að vinna?

	Fjöldi	Hlutfall (%) - allir	Hlutfall (%) - einungis þeir sem taka afstöðu
Mjög eðlilegt	87	14,3	15,3
Frekar eðlilegt	108	17,8	18,9
Hvorki eðlilegt né óeðlilegt	35	5,8	6,1
Frekar óeðlilegt	167	27,5	29,3
Mjög óeðlilegt	173	28,5	30,4
Veit ekki/Neitar að svara	38	6,3	-
Alls	608	100%	100%



Mynd 30. Telur þú eðlilegt eða óeðlilegt að Íslendingar njóti betri kjara og réttinda en útlendingar sem koma hingað til að vinna?

6. Bakgrunnsgreining

Hér verða svör greind eftir bakgrunni þátttakenda, þ.e. kyni, aldri, búsetu, aðalstarfi og aldri barna þeirra. Í sumum spurningum hefur landshlutum verið bætt inn í bakgrunninn. Þar sem um er að ræða opnar spurningar eru einungis sýndir þrír flokkar sem flestir nefna, og annað sem er nefnt er flokkað sem *annað*. Í texta verður einungis fjallað um mun þar sem hann er tölfræðilega marktækur.

